



Bogi Kristinsson Magnusen

Hvammstangabraut 5

530 HVAMMSTANGI

Iceland

Garðabær, 19.8.2025

Málsnúmer: 202507-0018/0051

IAS

Efni: Víðihlíð, deiliskipulagstillaga og breyting á aðalskipulagi.

Vísað er til tveggja erinda frá Húnaþingi vestra, dagsett 9. og 25. júlí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagstillögu og breytingar á aðalskipulagi Húnaþings vestra vegna skilgreiningar á svæði fyrir ferðapjónustu.

Deiliskipulagið og breytingin tekur til svæðis merkt Vb-19 við félagsheimilið Víðihlíð við Þjóðveg 1. Um er að ræða 2,5 ha svæði sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi er skilgreint fyrir eldsneytisafgreiðslu og starfsemi tengda félagsheimilinu. Með breytingunni verður svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, þar sem fyrirhugað er að reisa 15 kúluhús til gistingar ásamt bílastæðum. Aðstaða fyrir þjónustu verður innan félagsheimilisins. Sveitarstjórn telur breytinguna óverulega þar sem hvorki er um að ræða stækkun reits né breytingu á notkun sem hefur í för með sér veruleg umhverfisáhrif. Breytingin fellur innan ramma gildandi landnotkunar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar kemur með eftirfarandi ábendingar. Svæðið er utan verndarsvæða en samkvæmt vistgerðakorti finnst starungsmýravist sem hefur hátt verndargildi syðst á skipulagssvæðinu. Hafa ber þó í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel og því alls óvíst að um votlendi sé að ræða.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við breytingarnar en mælist til þess að votlendi verði hlíft sé það til staðar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur